

Hér eru settar fram almennar leiðbeiningar um birtingu fjárhagsupplýsinga í samræmi við [Reglur EFPIA og Frumtaka](#). Byggt er á sniðmáti EFPIA fyrir framsetningu og birtingu upplýsinganna. Ef fyrirtæki (MLH/birgi) er með ítarlegri leiðbeiningar eða aðrar kröfur skal fara eftir þeim.

<p>Birting fjárhagsupplýsinga</p>	<p>Birta á opinberlega allar upplýsingar um greiðslur lyfjafyrirtækja til heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana.</p> <p>Frumtök bjóða svæði fyrir birtingu á www.frumtok.is aðildarfélagum að kostnaðarlausu. Fylgja skal þeirri meginreglu að hver markaðsleyfishafi birti upplýsingar í sínu nafni á vef Frumtaka. Fyrirtæki sem ekki eru aðilar að Frumtökum geta einnig óskað eftir birtingu upplýsinga um greiðslur á svæði Frumtaka, en greiða þá 50.000 kr. fyrir birtinguna.</p>
<p>Birting fjárhagsupplýsinga vegna rafrænna viðburða / rafrænna lyfjakynninga</p>	<p>Líkt og að ofan greinir, gilda sömu reglur um birtingu fjárhagsupplýsinga vegna rafrænna viðburða.</p> <p>Birta skal skráningargjöld vegna rafrænna viðburða, hvort heldur sem um er að ræða í rauntíma eða fyrirfram upptekna.</p> <p>Ef greiðsla fyrir þátttöku hefur verið innt af hendi, en viðtakandi tekur ekki þátt í viðburði, ber að birta viðkomandi upplýsingar.</p> <p>Ef viðburður fellur niður, á ekki að birta fjárhagsupplýsingar tengdar viðburðinum.</p>
<p>Risna vegna rafrænna viðburða / rafrænna lyfjakynninga</p>	<p>Gerður er greinarmunur á viðburði með eða án þátttöku fulltrúa markaðsleyfishafa.</p> <p>Risna í tengslum við rafræna viðburði / rafrænar lyfjakynningar er óheimil, nema ef fulltrúi markaðsleyfishafa er raunverulega á staðnum þar sem heilbrigðisstarfsfólk kemur saman á grundvelli fundarboðs markaðsleyfishafa til að fylgjast með rafræna viðburðinum. Veitt risna skal vera í samræmi við leyfilegt hámarksverðgildi máltíða.</p>
<p>Tímabil og dagsetning birtingar</p>	<p>Miðað er við greiðslur á almanaksári og birtingar-dagsetninguna 30. júní ár hvert. Sem dæmi má nefna að samantekt greiðslna á árinu 2020 skal birta í síðasta lagi 30. júní 2021.</p> <p>Meginreglan er sú að birting upplýsinga sé í samræmi við dagsetningu greiðslu. Til dæmis ef reikningur vegna Læknadaga 2021 er greiddur í desember 2020, skal birta greiðsluna í skýrslu fyrir árið 2020.</p>

<p>Hversu lengi eru gögn aðgengileg á www.frumtok.is</p>	<p>Að lágmarki í þrjú ár, sbr. gr. 22 í Reglum EFPIA og Frumtaka.</p>
<p>Gengi</p>	<ul style="list-style-type: none"> Allar greiðslur og upphæðir eru í íslenskum krónum. Meginreglan er að greiðslur í erlendri mynt séu umreiknaðar skv. gengi á þeim tíma sem greiðsla var framkvæmd.
<p>Skattar</p>	<ul style="list-style-type: none"> Samkvæmt áliti RSK eru greiðslur vegna endurmenntunar ekki skattskyldar. VSK er alltaf tilgreindur. Allar upphæðir eru með vsk. Greiðslur vegna þóknunar ber viðtakanda að gefa upp til skatts eins og aðrar tekjur.
<p>Samþykki fyrir birtingu fjárhagsupplýsinga - HCP</p>	<ul style="list-style-type: none"> Skriflegur samningur þarf að liggja fyrir, fyrir hvert framlag, sem og afstaða til birtingar. Ef samþykki fyrir birtingu fæst þá eru upphæðir birtar undir nafni og kennitölu einstaklings. Ef samþykki fyrir birtingu fæst ekki frá heilbrigðisstarfsmanni fara upphæðir í dálk fyrir samanlagðar upphæðir (<i>aggregate</i>). Ef HCP samþykkir ekki birtingu á öllum greiðslum á árinu (þr. birgja) skulu allar þær greiðslur fara í dálk fyrir samanlagðar upphæðir (<i>aggregate</i>). Endanlegar upphæðir skal senda til HCP til yfirferðar um fjórum vikum fyrir birtingu. Nota skal staðlaðan tölvupóst til að senda upplýsingar ásamt tímafresti til að gera athugasemdir. Ef samþykki er dregið til baka áður en upplýsingar eru birtar skal uppfæra birtingarskjal og færa greiðslurnar í dálk fyrir samanlagðar upphæðir (<i>aggregate</i>).
<p>Samþykki fyrir birtingu fjárhagsupplýsinga - HCO</p>	<ul style="list-style-type: none"> Samþykki er innifalið í samningi við HCO og þarf því ekki að biðja um sérstaklega. Birting greiðslu til HCO er á nafn og kennitölu HCO.

Kennitala	<ul style="list-style-type: none"> Í reitinn „Unique Country Identifier/Kennitala“ skal rita kennitölu viðtakanda (HCO eða HCP) greiðslu.
Viðtakandi framlags	<ul style="list-style-type: none"> Fullt nafn viðtakanda. Meginreglan er sú að birta skal undir nafni HCP (viðtakanda/einstaklings), þó svo að greiðsla fari til HCO.
Framlag til HCO til að senda HCP á viðburð	<ul style="list-style-type: none"> Ef HCP er þekktur þá er birt á hans nafn og ekki á nafn HCO (viðburðasamningur gerður Ef HCP er ekki þekktur þá birt á HCO undir Framlög vegna viðburða (sjá nánar 3.01.1.b)
Framlög til heilbrigðisstarfsmanna (HCP)	
<p>Framlög vegna viðburða</p> <p>Þóknun vegna þjónustu og ráðgjafar</p>	<p>Viðburður nær yfir alla vísindafundi og aðra álíka viðburði, svo sem fagfundi, þing, ráðstefnur og málþing. Skriflegur samningur þarf að liggja fyrir.</p> <ul style="list-style-type: none"> Skráningargjöld á fundi og ráðstefnur Ferðalög (flug, leigubílar, lestir) og gisting <ul style="list-style-type: none"> Ekki þarf að birta upplýsingar um einstaka liði ferðakostnaðar, sem eru lægri en 20.000 krónur. Ekki þarf að birta upplýsingar um kostnað máltíða ef hann er undir eftirfarandi viðmiðunarmörkum: <ul style="list-style-type: none"> Morgunverður kr. 4.000. Hádegisverður / léttar veitingar kr. 7.500. Kvöldverður kr. 20.000. Fari kostnaður yfir viðmiðunarmörk, skal upplýsa um heildarkostnað máltíðarinnar. Viðmiðunarmörk annara landa eru birt á heimasíðu Frumtaka (www.frumtok.is). <p>Með ráðgjöf og/eða sérfræðiþjónustu heilbrigðisstarfsmanns er t.d. átt við:</p>

	<ul style="list-style-type: none"> Fyrirlestur / kennsla / fræðsla Textagerð, þýðing og/eða faglegur yfirllestur Fundarstjórn <p>Samningsbundin útgjöld</p> <ul style="list-style-type: none"> Annar kostnaður eins og tilgreint er í samningi
Framlög til heilbrigðisstofnana (HCO)	
	<p>Skriflegur samningur þarf að liggja fyrir þar sem tilgreint er í hvað framlagið er nýtt.</p> <p>Kostun (sponshorship)</p> <ul style="list-style-type: none"> Á við um samstarfsverkefni og fundi þar sem fyrirtæki kemur að skipulagningu og/eða dagskrá viðburðar með einhverjum hætti. Framlög til HCO/þriðja aðila skilgreindum af HCO til að sjá um viðburð, t.d. leiga á básum á Læknadögum. <p>Styrkir og stuðningur (grants and donations)</p> <ul style="list-style-type: none"> Á við þegar ákveðinn viðburður er styrktur án þess að viðkomandi fyrirtæki taki þátt í viðburði á annan hátt. Til dæmis að styrkja fagfélag heilbrigðisstarfsfólks um ákveðna upphæð til að halda fund.
Rannsóknir og þróun	
	<p>Birta á framlög og styrki til HCP/HCO vegna rannsókna og þróunar sem tengjast:</p> <ul style="list-style-type: none"> Rannsóknnum sem ekki eru klínískar Klínískum rannsóknum Rannsóknnum styrktum af rannsóknaraðila Rannsóknnum án inngríps

Skilgreiningar:

Heilbrigðisstofnun (HCO, *Health Care Organization*)

- Stofnun þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

Heilbrigðisstarfsmaður (HCP, *Health Care Professional*)

- Samanber reglugerð um lyfjaauglýsingar, 980/2016, er heilbrigðisstarfsmaður hver sá sem tilheyrir fagstétt lækna, tannlækna, dýralækna, hjúkrunarfræðinga, lyfjafræðinga, lyfjatækna og nemar í þessum greinum.

Framlög (*contribution*) vegna viðburða:

Stuðningur (*donation*)

Kostun (*sponsorship*)

Styrkur (*grant*)

Þóknun (*fee*)

Skjali síðast breytt, september 2022.